**From:** skeidgnup@skeidgnup.is
**Sent:** Wed, 18 Sep 2024 15:03:03 +0000
**To:** skeidgnup@skeidgnup.is
**Subject:** FW: Inngilding - erindi til sveitarstjórnar
**Attachments:** Inngildingarverkefni SASS 2024.pdf

*Með bestu kveðju*


Sylvía Karen Heimisdóttir
Sveitarstjóri
Skeiða- og Gnúpverjahrepp

486-6100
sylviakaren@skeidgnup.is
www.skeidgnup.is
Árnes, 804 Selfoss



*Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og gæta fyllsta trúnaðar. Það er óheimilt að kynna sér efni tölvupóstsins, lesa, skrá það hjá þér eða notfæra á nokkrun hátt. Brot gegn framangreindum lögum geta varðað bótaábyrgð og refsingu.*


---

**From:** Ingvi Már Guðnason <ingvi@sass.is>
**Sent:** föstudagur, 6. september 2024 11:05
**To:** Sylvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>
**Cc:** Þórður Freyr Sigurðsson <thordur@sass.is>; Kötlusetur <kotlusetur@vik.is>
**Subject:** Inngilding - erindi til sveitarstjórnar

## Til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps,

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) bjóða ykkur til þátttöku í verkefni sem hefur það að markmiði að efla sjálfbæra lýðfræðilega þróun og inngildingu erlendra íbúa á Suðurlandi. Verkefnið hefur þegar verið unnið í sveitarfélögunum Hornafirði, Skaftárhreppi, Mýrdalshreppi og Rangárþingi eystra, og nú bjóðum við öllum 15 sveitarfélögum á svæðinu þátttöku.

## Markmið verkefnisins:

Verkefnið miðar að því að aðstoða sveitarfélögin á Suðurlandi við að móta og innleiða móttökuáætlanir fyrir nýja íbúa, sem stuðla að aukinni inngildingu íbúa og efla jákvæða byggðaþróun. Sjá nánar í meðfylgjandi verklýsingu.

## Óskað er eftir:

Að sveitarfélögin á Suðurlandi tilnefni tengiliði til þátttöku í samráðshópi, sem mun miðla reynslu og þekkingu sín á milli. Tengiliðurinn tekur þátt í reglubundnum fundum, deilir

þar stöðu og þróun með öðrum tengiliðum sveitarfélaga í formi jafningjafræðslu, líkt og gert hefur verið í sveitarfélögunum sem komið hafa að verkefninu á fyrri stigum. Eins verður á sumum þessara funda boðið upp á fræðsluerindi og önnur viðeigandi upplýsingamiðlun sem tengist málaflokknum.

**Stuðningur frá SASS:**

SASS mun sjá um að skipuleggja mánaðarlega fundi, veita ráðgjöf og stuðning við innleiðingu vegvísis fyrir hvert sveitarfélag, byggðan á stefnumörkun og aðgerðum sem stuðla að aukinni inngildingu. Ásamt því að leggja til sérfræðinga sem veita munu sértækari stuðning og fræðslu.

Við vonumst til að þið taki þátt í þessu mikilvæga verkefni og tilnefnið tengilið sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir:

Harpa Elín Haraldsdóttir, 866-3045
byggðaþróunarfulltrúi og forstöðukona Kötluseturs (kotlusetur@vik.is)

Þórður Freyr Sigurðsson, 692-9030
sviðsstjóri þróunarsviðs SASS (thordur@sass.is)

Með bestu kveðju,
Ingvi Már Guðnason
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

**Ingvi Már Guðnason**
**SASS**
**Samtök sunnlenskra sveitarfélaga**
Austurvegi 56
800 Selfossi
sími 480 8200
sass.is